Breyting 25.08.2015:

Í stað burðarvirkis úr stálgrind verða fjósveggir steinsteyptir, einangraðir að utan með 50 mm steinullarplötum og klæddir með lituðu bárustáli. Norðurgafl skal þó aðeins steypa í 1,3 metra hæð og byggja þar ofan á úr stálgrind eða límtré til að halda opnum möguleika á stækkun fjóssins síðar. Sá hluti gaflsins einangrast með steinull og klæðist með lituðu bárustáli að innanverðu.

Burðarvirki þaks verður límtrés- eða stálsperrur á galv. stálsúlum. Verði stál notað skulu sperrur vera heitgalvaniseraðar eða málaðar með sterkri lakkmálningu. Klæðning þaks verður samlokueiningar, litað stál - úrethaneinangrun - litað stál. Einingarnar skulu vera gæðavottaðar.

Stærð hússins breytist ekki.

Breyting 21.09.2015:

Tilfærsla á mjólkurhúsi í s-v horn byggingar með hurð á s-gafli
Snyrtiherbergi kemur þ.a.l. norðan við mjólkurhúsið.
Gluggar á mjólkurhúsi koma á v-hlið.




Grunnmynd




Kjallari

Samþykkt í byggingarnefnd
- 7 JULI 2015
Byggingarfulltrúi Eyjafjarðarsveitar

Byggingarlýsing:

Um er að ræða nýtt fjós með legubásum og mjaltaþjóni.

Undir fjósinu verður haugkjallari. Botnplata, veggir, súlur og burðarbitar verður staðsteypt. Veggi, súlur og bita skal holufylla og sandsementskústa.

Gólfplata fjóssins verður steypt, göngusvæði gripa forsteyptar rimlaeiningar. Gólfplötur skal slípa á steypudegi með réttum halla skv. hæðarsetningu á teikningu.
Á fóðurgang skal bera efni sem þolir veikar sýrur, t.d. epoxy-efni. Mjólkurhúsgólf skal flísaleggja.

Burðarvirki fjóssins verður stálgrind; heitgalvaniseruð eða vandlega máluð með sterkri lakkmálningu. Langbönd í veggjum og þaki verða úr galv. stáli eða timbri. Klæðning þaks og veggja verður samlokueiningar, litað stál - úrethaneinangrun - litað stál. Einingarnar skulu vera gæðavottaðar.

Báðir gaflveggir skulu steyptir upp í kóta +1300 vegna áníðslu frá gripum. Gaflstoðir stálgrindar komi ofan á þessa steyptu veggi.

Efst á hliðarveggjum verður opnanlegur gluggi úr tvöföldum polykarbonatplötum (UBA-gluggi ). Í mæni fjóssins verður loftræstigluggi úr tvöföldum polykarbonatplötum. Stærð þakgluggans skal vera a.m.k. 5% af gólffleti hússins vegna reykræstingar.

Dyr fyrir inn- og útgöngu gripa skal vera auðvelt og fljótlegt að opna bæði innan- og utanfrá.

Allar klæðningar léttra innveggja skulu vera í fl. 1. Ef gluggar verða settir í EI60 innveggi skal gler í þeim vera E30 þráðgler.

Allar fastar innréttingar s.s. básamilligerðir, jötugrindur og milligrindur verða úr galv. pípum. Í legubása verða settar básadýnur eða mjúkar básamottur.

Koma skal fyrir brunaslöngu skv. teikningu og handslökkvitæki skv. leiðbeiningum eldvarnareftirlits. Mælt er með því að sett verði sjálfvirkt brunaviðvörunarkerfi (reyksogskerfi) í fjósið.

Stærð:

| | | |
|---|---|---|
| Kjallari : | 935,3 m2 | 2525,3 m3 |
| Fjós: | 917,6 m2 | 4767,0 m3 |
| Alls: | | 7292,0 m3 |

Frumteikning: RML - Unnsteinn Snorri Snorrason

| | | | |
|---|---|---|---|
| Verk: | Sigtún - 152764 - Eyjafjarðarsveit | | |
| Verkhluti: | Fjósbygging - aðalteikningar | | Netfang: tso@simnet.is |
| Teikn nr: A-01 | Dags: 14.07.2015 | Mælikvarði: 1:100 | Farsími 899-7864 - Sæmundur<br>Farsími 863-3184 - Magnús |
| Verknr: | | Tækniþjónusta ehf<br>kt: 601200-2440<br>Suðurlandsbraut 10. 2.hæð<br>Sími: 5533700 | tölvuskráningarnumer: |
| Hannað: Magnús Sigsteinsson 160444-4959 | Teiknað: Magnús Sigsteinsson 160444-4959 | Áritun aðalhönnuðar: Sæmundur Óskarsson 180160-3109 | |

Breytingar: